



*Auður Ásdís  
Sæmundsdóttir*

*Fædd 2. ágúst 1925  
Dáin 10. október 2022*



*Útför frá Akraneskirkerju  
föstudaginn 21. október 2022*

## **Forspil**

*Air úr svítu nr. 5*

*Bach*

## **Bæn**

Heyr, himna smiður,  
hvers skáldið biður,  
komi mjúk til mín  
miskunnin þín.  
Því heit eg á þig,  
þú hefur skaptan mig,  
ég er þrællinn þinn,  
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,  
að græðir mig,  
minnst, mildingur, mín,  
mest þurfum þín.  
Ryð þú, röðla gramur,  
ríklyndur og framur,  
hölds hverri sorg  
úr hjartaborg.

Gætt, mildingur, mín,  
mest þurfum þín  
helst hverja stund  
á hölda grund.  
Set, meyjjar mögur,  
máls efni fögur,  
öll er hjálp af þér,  
í hjarta mér.

*Kolbeinn Tumason*

## **Ritningarorð**

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.


Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.


Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

*Atli Heimir Sveinsson - Davíð Stefánsson*

## **Ritningarorð**









Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.  
Engið, fjöllin, áin þín,  
yndislega sveitin mín,  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína.

*Sigurður Jónsson*

## Guðspjall

Þú komst í hlaðið á hvítum hesti,  
þú komst með vor í augum þér.  
Ég söng og fagnaði góðum gesti  
og gaf þér hjartað í brjósti mér.

Ég heyrir á lengdar hófadyninn,  
ég horfi langt á eftir þér.  
Og bjart er alltaf um besta vininn  
og blítt er nafn hans á vörum mér.

Þó líði dagar og líði nætur,  
má lengi rekja gömul spor.  
Þó kuldinn næði um daladætur,  
þá dreymir allar um sól og vor.

*Erlent lag - Davíð Stefánsson*

## Minningarorð

Þýtur í laufi, bálið brennur.  
Blærinn hvíslar: sofðu rótt.  
Hljóður í hafið röðull rennur,  
roðnar og býður góða nótt.

Vaka þá ennþá vinir saman  
varðeldi hjá í fögrum dal.  
Lífið söngur, glaurur, gaman.  
Gleðin hún býr í fjallasal.

*Tryggvi Þorsteinsson -  
Aldís Ragnarsdóttir*

Sofnar drótt, nálgast nótt,  
sveipast kvöldroða himinn og sær.  
Allt er hljótt, hvíldu rótt.  
Guð er nær.

## Bæn / Faðir Vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer,  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Amerískt þjóðlag -  
Pétur Þórarinnsson*

## **Moldun**

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina	Ég lifi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstund,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði -	í Kristí krafti' eg segi:
líf manlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## **Blessun**

### **Eftirspil**

*Ég er kominn heim*

*Emmerich Kálmán - Jón Sigurðsson*

*Prestur: sr. Ólöf Margrét Snorradóttir*

*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*

*Söngur: Tindatrío*

*Útfararþjónusta Akraneskirku*

**Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness**

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni**